

**Sp.**

## **60. Tillaga til þingsályktunar**

[60. mál]

um aukna þjónustu vegna tannréttinga.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa.

### **Greinargerð.**

Það er alkunna að tannréttingar eru orðnar býsna algengar sem veigamikill þáttur í tannvernd. Mikill fjöldi barna og unglinga er í tannréttingum sem taka yfir langan tíma og eru bæði dýrar og kostnaðarsamar á ýmsan veg. Lætur nærri að um 30% þurfi að fara í slíkar aðgerðir. Ekki skal dregið úr nauðsyn þess að rétta tennur þeirra sem þess þurfa þó að óneitanlega hafi tannréttingar aukist mjög mikið og þyrfti vissulega að kanna það hvort þessa er í raun þörf í svo ríkum mæli sem nú er en á það skal enginn dómur lagður. Aðeins skal á það bent að 41% ferðakostnaðargreiðslna, sem tryggingaryfirlæknir úrskurðar um, eru vegna tannlækninga og tannréttingar eru þar fyrirferðarmestar.

Sjúkrasamlögin taka verulegan þátt í þessum aðgerðum, bæði að því er tekur til tannréttinganna sjálfra, svo og vegna ferðalaga þeirra sem lengra þurfa að sækja. Þáttur sjúkrasamlaga í tannréttingum er nú 50%, var 75% fyrir valdaskeið núv. ríkisstjórnar. En þessi tillaga snýst fyrst og síðast um hinn þáttinn, ferðakostnaðinn, sem hér af hlýst og mun þar um verulegar upphæðir að ræða því að ekki er óalgengt að fara þurfi 12—14 ferðir á fund sérfræðings vegna meiri háttar tannréttinga. Þáttur sjúkrasamlags í þessum ferðakostnaði er flugferðin að frádregnum 800 kr. fyrir fyrstu ferð og 400 kr. fyrir aðrar. Þá er að sjálfsögðu eftir sá verulegi kostnaður sem hver einstaklingur þarf að greiða. Auk þess er greitt fyrir fylgdarmann ef þess er talin augljóst þörf.

Austfirsk börn og unglingar leita ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur eftir þessari þjónustu. Fyrst er ferð á flugvöll sem getur verið talsvert dýr svo að ekki sé minnst á erfiðleika í vetrarferðum, óþægindi og aukakostnað. Síðan er svo flugferðin og þar er um verulegan kostnað að ræða sem hverjum einstökum ber að greiða. Ótalin er þá röskun vegna skóla eða vinnu, t. d. ef flug fellur niður og biðtími verður lengri af þeim sökum. Varla fer flutningsmaður þessarar tillögu svo um Egilsstaðavöll að þar séu ekki einhverjir að koma eða fara í þessum erindagjörðum.

Það er því augljóst að allra leiða verður að leita til að reyna að koma á hagkvæmri skipan þessara mála, færa þjónustuna að svo miklu leyti sem unnt er nær fólkinu. Á því eru sögð ýmis tormerki og verða þau ekki tíunduð hér en ekkert úr þeim dregið. Hins vegar er hér um stærri fúlgur að ræða en svo í endurgreiðslu ferðakostnaðar frá tryggingakerfinu svo að aðeins sé nú litið á þann þátt að ekki megi talsverðu til kosta og yrði þó umtalsverður sparnaður niðurstaðan. Hins vegar skal höfuðáhersla lögð á kostnað viðkomandi aðila sem er mjög verulegur, margs kyns óhagræði og umtalsverð röskun varðandi nám eða vinnu.

Ef þjónustan yrði a. m. k. á einum stað í fjórðungnum yrði um mjög mikla bót að ræða svo að vægt sé til orða tekið. Að þessu ber því ótvírætt að stefna og fjölmargir foreldrar hafa rætt um þetta við flutningsmann og óskað eftir því að knúið yrði á um úrbætur. Vel kann að vera að einhverjar athuganir hafi átt sér stað á möguleikum þessa, vel kann að vera að þetta verði torleyst, en að því ber rækilega að huga. Hér er um hagsmunamál fjölmargra að tefla, hér eru miklar upphæðir á ferðinni úr tryggingakerfinu og því hlýtur að verða að kanna gaumgæfilega hvort ekki er unnt að fá sérfræðinga í þessari grein til að koma til móts við fólkið eins ríkulega og unnt er. Þegar sparnaðarhjali er helst á lofti haldið væri ómaksins vert að huga hér að.